

22. FEBRÚAR
2024

HARPA
ELDBORG

Nielsen og Schumann

RAUÐ TONLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Rúmenskur konsert 13´

Fiðlukonsert Nielsen 35´

Sinfónía nr. 3 35´

Hljómsveitarstjórinn Leo McFall sem upphaflega átti að stjórna
tónleikunum forfallast því miður en í hans stað stjórnar
Christian Øland.

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1 og er hluti efnisskrár
tekinn upp til sjónvarpsútsendingar 6. mars á RÚV.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Nielsen og Schumann

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 22. FEBRÚAR KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Christian Øland
hljómsveitarstjóri

Vera Panitch
einleikari

György Ligeti

Concert Românesc (1951)
Andantino
Allegro vivace
Adagio ma non troppo
Molto vivace

Carl Nielsen

Fiðlukonsert op. 33 (1911)
Praeludium – Largo. Allegro cavalleresco
Poco adagio. Rondo. Allegretto scherzando

Hlé

Robert Schumann

Sinfónía nr. 3 í Es-dúr, op. 97 (1850)
Lebhaft
Sehr mäßig (Scherzo)
Nicht schnell
Feierlich
Lebhaft

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Christian Øland

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Hljómsveitarstjórinn Christian Øland (1994) er upprennandi stjarna innan stéttarinnar á Norðurlöndum. Hann fæddist í Danmörku, hóf nám í hljómsveitarstjórn við Sibelíusar-akademíuna í Helsinki átján ára að aldri og var aðeins ári síðar orðinn aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar finnska útvarpsins í Helsinki undir handleiðslu Hannu Lintu, aðalstjórnanda hennar. Hann hefur einnig unnið með ýmsum þekktum gestastjórnendum hljómsveitarinnar, þar á meðal Esa-Pekka Salonen, Herbert Blomstedt og Oliver Knussen. Kennarar hans við akademíuna voru ekki af verri endanum því þar má nefna Atso Almila, Hannu Lintu, Leif Segerstam, Jorma Panula, Herbert Blomstedt og Esa-Pekka Salonen. Áður en Christian Øland tók upp tónsprotann lærði hann á fagott og píanó í Danmörku og spilaði á fagottið í Finnску útvarpshljómsveitinni samhliða hljómsveitarstjóranáminu við Sibelíusarakademíuna.

Á þessu starfsári stjórnar Øland mörgum af helstu hljómsveitum Norðurlanda: Sinfóníuhljómsveitum Gautaborgar og Helsingjaborgar, Fílharmóníuhljómsveit Kaupmannahafnar og Sinfóníuhljómsveitum jósku borganna Álaborgar og Árósa, einnig Suðurjósku Fílharmóníusveitinni í Sønderborg og Fílharmóníusveitinni í Magdeburg í Þýskalandi. Í október á síðasta ári stjórnaði hann frumflutningi á dansverkinu *Leaning Tree* eftir danska tónskáldið Signe Lykke þar sem Fílharmóníuhljómsveit Kaupmannahafnar lék.

Hann hefur einnig stjórnað óperunni *Fête Galante* eftir Poul Schierbeck við Dönsku þjóðaróperuna, og *Hnotubrjótnum* eftir Pjotr Tsjajkovskíj hjá Konunglega danska ballettinum, frægri uppfærslu Mats Ek á *Rómeó og Júlíu*, eftir Tsjajkovskíj hjá Konunglega sænska ballettinum og á *Jónsmessu-næturdraumi* Benjamins Britten með Helsinki Sinfoníetta.

Það er gleðiefni að fá hann nú á svið með tónsprotann fyrir framan Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Vera Panitch

EINLEIKARI

Vera Panitch (1993) er af úkraínsku og rússnesku bergi brotin, er fædd í Kaupmannahöfn en býr nú og starfar á Íslandi. Hún hóf fiðlunám fimm ára gömul og var komin í Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn aðeins fimmtán ára. Þar var hún nemandi í fiðluleik hjá Alexandre Zapolski og kammertónlist hjá Tim Frederiksen. Hún lauk öllum prófgráðum, BA, MA og einleiksgráðu með hæstu einkunn. Hún var einnig við nám í New York í hálf tveggja ár þar sem hún sótti tíma hjá þekktum kennurum.

Þegar Vera var aðeins 22 ára hreppti hún stöðu staðgengils leiðara hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og stuttu síðar stöðu annars konsertmeistara sem hún gegnir nú. Vera hefur hlotið ýmsa styrki og viðurkenningar, þar á meðal van Hauen-verðlaunin árið 2015 og Sonning-verðlaunin árið 2018. Hún hefur unnið til verðlauna í Alþjóðlegri keppni ungra flytjenda í Tékklandi, hæfileika-keppni í Seattle, vann til gullverðlauna í Tónlistarkeppni Berlinske í Danmörku og 1. verðlaun í fiðlusamkeppni Jacobs Gade þar sem hún fékk auk þeirra sérstök verðlaun fyrir flutning á dönsku verki. Hún vann einnig til verðlauna árið 2020 ásamt Steiney Sigurðardóttur sellóleikara í hinni virtu P2 kammertónlistarkeppni en saman mynda þær Duo Eddu. Vera er meðlimur strengjakvartettsins Kordo, ásamt Joaquín Páli Palomares eiginmanni sínum.

Vera hefur oft komið fram sem einleikari og árið 2014 frumflutti hún fiðlukonsert eftir Benjamin de Murashkin sem hann samdi fyrir hana á Pulsar-tónlistarhátíðinni ásamt Hljómsveit konunglega tónlistarháskólans í Kaupmannahöfn undir stjórn Jean Thorel.

Vera kennir í Tónlistarskóla Kópavogs og Menntaskóla í tónlist og hefur einnig kennt við Listaháskóla Íslands. Hún hefur komið fram með þekktum tónlistarmönnum af öllu tagi, meðal annars með Björk á tónleikum hennar.



Tónlistin á Íslandi

Concert Românesc hefur hljómað einu sinni áður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það var 10. september árið 2010 undir stjórn Ilans Volkov. Þetta voru opnunartónleikar starfsársins 2010–2011, en Volkov tók svo við stöðu aðalhljómsveitarstjóra haustið 2011.

György Ligeti

CONCERT ROMÂNESC

György Ligeti (1923–2006) var við nám við Þjóðfræðistofnunina í Búkarest á árunum 1949–1950 og safnaði á þeim tíma rúmenskum og ungverskum þjóðlögum. Efniviðurinn í Concert Românesc (1951) er sóttur í þennan sjóð. Ligeti, sem var af ungverskum gyðingaættum, hafði sterkar taugar til Rúmeníu enda fæddist hann í Transilvaníu en fluttist í landshluta sem átti eftir að verða partur af Ungverjalandi þegar hann var sex ára gamall.

Listamönnum voru settar miklar skorður í Ungverjalandi á þessum tíma – og raunar einnig í öðrum löndum sem lutu stjórn Sovétríkjanna – og margir leituðu fanga í þjóðlegum arfi þar sem sú leið virtist örugg og fjarri vestrænni spillingu. Rúmenski konsertinn er eitt slíkra „feluverka“ sem voru samin á þessu tímabili til að komast hjá grimmilegri ritskoðun. Þrátt fyrir það var konsertinn bannaður strax á fyrstu æfingu vegna ómstríðra tónbila og ekki fluttur opinberlega fyrr en tuttugu árum síðar. Ligeti skrifaði fyrst og fremst fyrir skúffuna næstu árin en eftir að hann flúði til Austurríkis árið 1956 breyttist tónlist hans til muna enda var hann þá laus undan þeim skorðum sem allri listsköpun voru settar í heimalandi hans.

Rúmenski konsertinn er í fjórum stuttum samhangandi þáttum, sem bera ítölsk nöfn. Þó er auðheyrð að byggingarefnið er fengið úr rúmenskum og miðevrópskum tónlistararfi. Konsertinn er að mörgu leyti mjög hefðbundinn miðað við ritunartímamann ólíkt því sem síðar átti eftir að vera einkennandi fyrir tónlist Ligetis. Á skiptast hægir og angurværir kaflar og hraðir og galsafengnir. Tónlistin endurspeglar fyrst og fremst tvennt: annars vegar tilraun Ligetis til að skrifa verk sem ekki bryti í bága við strangar reglur menningarlögreglunnar og hins vegar einlæga ást hans á rúmenskri tónlist og rúmenskri þjóðmenningu.



Carl Nielsen

FIÐLUKONSERT

Fiðlukonsert (1911) Carls Nielsen er einn af stóru fiðlu-konsertunum og kemur fólki oft á óvart að hann skuli vera eftir Dana en ekki tónskáld nær hringiðu evrópskrar tónsköpunar um aldamót 19. og 20. aldar. Þá er rétt að minna á að Edvard Grieg og Jean Sibelius voru báðir þekkt tónskáld á þessum tíma og konsertinn er saminn aðeins sex árum eftir að Sibelius samdi sinn fræga fiðlukonsert.

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt konsertinn áður á tónleikum. Það var annars vegar árið 1975 í flutningi norska fiðluleikarans Arve Tellefsen undir stjórn Karsten Andersen og hins vegar árið 1993 af Auði Hafsteinsdóttur undir stjórn Osmo Vänskä.

Nielsen hóf að semja konsertinn um mitt sumar 1911 á heimili Ninu Grieg, ekkju Edwards Grieg í Bergen, og lauk honum í desember sama ár. Hann var svo frumfluttur 28. febrúar árið 1912 ásamt þriðju sinfóníu hans. Konsertinn telst vera í nýklassískum fremur en síðrómantískum stíl en þó skortir ekki á dramatíkina í honum. Þrátt fyrir nýklassíska stimpilinn má bæði greina talsverða notkun krómatíkur og mikla dramatík en hvort tveggja hefur mun fremur verið tengt við rómantíkina. Af og til má svo heyra beinar vísanir í eldri fiðlukonserta, kannski sérstaklega fiðlukonsertinn eftir Johannes Brahms. Á sama tíma kom svo Schönberg fram á sjónarsviðið með sitt uppbrot og tólf tónaskala svo ljóst er að mikil umbrot voru í tónsköpun þessa tíma.

Konsertinn er í tveimur þáttum en ekki þremur, sem verður að teljast óvenjulegt. Báðir hefjast á hægum inngangi og báðir eru þrískiptir þar sem skiptast á ljómandi laglínur og einstaklega krefjandi kaflar þar sem reynir á færni fiðluleikarans. Konsertinn telst með erfiðari tónsmíðum fyrir fiðlu og Peter Møller sem frumflutti konsertinn fékk mikið hrós fyrir flutninginn.

Nielsen sagði að „konsertinn yrði að verða góð tónlist þar sem einleikshljóðfærið fengi að njóta sín, hann yrði að vera innihaldsríkur, vinsæll og glæsilegur án þess að vera nokkurn tímann yfirborðskennður.“ Það vafðist fyrir Nielsen að ná þessum markmiðum en hafðist þó að lokum eins og tónleikagestir geta borið vitni um.



Robert Schumann

SINFÓNÍA NR. 3 Í ES-DÚR

Robert Schumann (1810–1856) skrifaði þriðju sífóníu sína á aðeins fimm vikum, frá 2. nóvember til 9. desember árið 1850, sem verður að teljast afrek. Hún var svo frumflutt í febrúar árið eftir undir stjórn Schumanns sjálfs.

Allt fram til ársins 1839 samdi Schumann eingöngu píanóverk. Söngvasveigar hans komu svo sinn á hvoru árinu; op. 24 við níu ljóð eftir Heinrich Heine árið 1839 og Söngvasveigur (Liederkreis) op. 39 við ljóðabálk Eichendorff árið 1840 og það ár og næstu á eftir samdi hann fjölda sönglaga. Árið 1841 tók hann svo til við hljómsveitarverkin og samdi nokkra forleiki og tvær sífóníur, nr. 1 og nr. 4. Schumann lauk aðeins við fjórar sífóníur á ævinni. Sú sem við heyrum var þeirra síðust þrátt fyrir númerið en sú fjórða var ekki gefin út fyrr en árið 1851 eftir að hann hafði endurskoðað verkið. Önnur sífónían var samin árið 1846 og sú síðasta, sem merkt er nr. 3 og við heyrum nú, árið 1850. Schumann lést aðeins 46 ára að aldri og ómögulegt að vita hvaða hljóðfæri og form hefðu orðið fyrir valinu í frekari tónsmíðum hefði hann notið lengri lífdaga.

Í september árið 1850 fluttu Schumann-hjónin ásamt börnum sínum sjö til Düsseldorf þar sem honum hafði boðist staða tónlistarstjóra í borginni. Skömmu síðar fóru þau hjón í dagsferð til Kölnar til að skoða dómkirkjuna og ána Rín. Schumann heillaðist svo af umhverfinu að hann nefndi sífóníuna sem hann hóf að semja aðeins tveimur mánuðum síðar Rínarsífóníuna. Dómkirkjan dró hann aftur til sín og í nóvember fór hann til að skoða hana nánar. Fjórði kafli Rínarsífóníunnar er samin undir áhrifum frá henni og hefur verið nefndur Dómkirkjukafllinn. Schumann var innblásinn af Rín, Köln og dómkirkjunni og segja má að 3. sífónían sé viðbragð við þeirri hrifningu hans en tilurð hennar tengist þessum tveimur ferðum hans sterkum böndum. Enda var hann ekki lengi að hrista hana fram úr erminni.

Tónlistin á Íslandi

Þriðja símfónía Roberts Schumann hefur ekki verið flutt áður af Símfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu. Hún hefur samt flutt símfóníuna nokkrum sinnum: í október árið 1975 undir stjórn Alun Francis, í nóvember 1981 þar sem Reinhart Schwarz hélt um tónsprotann, í október árið 1992 þar sem Tamas Vetö stjórnaði og desember 1998 undir stjórn Stephens L. Mosko.

Þriðja símfónía Schumanns er í fimm köflum, sem er óvenjulegt en símfónían sem fjögurra kafla verk hafði þróast í meðförum þeirra Haydn og Mozarts. Reyndar er 6. símfónía Beethovens einnig í fimm köflum og víða má sjá áhrif frá henni í verkinu. Áhrif frá 3. símfóníu Beethovens eru einnig víða sýnileg. Segja má að í verkinu togist á tvö öfl. Annars vegar er ákveðin íhaldssemi sem er samofin forminu og hins vegar ýmis konar tilraunir með rytma og form. Þannig er fyrsti kaflinn á hefðbundnu og niðurnjörvuðu sönötuformi þar sem farið er í ferðalag sem er fyrirfram ákveðið af forminu. Kaflinn hefst á hetjulegu stafi í Es-dúr sem leikið er af hornum þar sem Schumann veifar kumpánlega til Beethovens og 3. símfóníu hans. Þar má heyra bregða fyrir skemmtilegum leik með hrynn sem drífur kaflann áfram, tvískiptur taktur í hornum ofan á þrískiptum takti í hljómsveitinni.

Annar kaflinn var upphaflega nefndur „Morgun á Rín“ þar sem dregin er upp mynd af vaggandi öldum fljótsins með ljúfum og streymandi laglínunum. Þriðji kaflinn er hægur millikafli þar sem blásturshljóðfærin spila einnig fallega laglínur. Í fjórða kafla dregur svo til tíðinda þar sem dómkirkjan í Köln er fyrirmyndin og enn eru það blásturshljóðfæri, í þetta sinn mismunandi stilltar básúnur sem hefja kaflann og draga upp virðulega mynd kirkjunnar. Yfirskrift kaflans er *Feierlich* sem þýðir hátíðlegur. Síðasti kaflinn er léttur og leikandi og þar er aftur leitað í fyrsta kaflann.

Símfónían fékk einstaklega góðar móttökur þegar hún var frumflutt í febrúar 1852, svo Schumann sem var nýtekinn við tónlistarstjórastöðunni í Düsseldorf varð að endurtaka hana á tónleikum í mars. Segja má að það hafi verið hátindur ferils hans í þeirri borg. Léttleiki borgarinnar og afslappað andrúmsloft á tónleikum hentuðu honum ekki. Hann hélt þó áfram tónsköpun sinni sem oft var talsvert tilraunakennd. Árið 1853 kynntust þau hjónin Johannesi Brahms sem varð heimilisvinur þeirra og samstarfsfélagi þar til yfir lauk. Á þessum tíma tóku gamlir draugar ofskynjana að ásækja Schumann, andlegri heilsu hans fór hrakandi og árið 1854 gerði hann tilraun til að taka líf sitt með því að fleygja sér í ána Rín. Hann lést svo tveimur árum síðar.

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Á döfinni

14.03 FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Kozhukhin leikur Brahms

Píanóleikarinn Denis Kozhukhin er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur en flutningur hans á öðrum píanókonsertri Prokofiev með sveitinni í febrúar 2019 var að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins „einhver mesta flugeldasýning sem maður hefur upplifað í Eldborginni í Hörpu“. Nú bjóðum við hinn rússneska Kozhukhin aftur velkominn á svið Eldborgar til þess að leika hinn stórbrotna fyrri píanókonsert Johannesar Brahms. Konsertinn er geysistór í sniðum og innblásinn af sterkum tilfinningum hins unga Brahms í garð hjónanna Clöru og Roberts Schumann.

Hafliði Hallgrímsson hefur verið í fremstu röð íslenskra tónskálda um áratugabil og á að baki fjölbreyttan og glæsilegan feril, bæði sem tónskáld og sem sellóleikari. Það er sérstakt gleðiefni að geta frumflutt tvö ný hljómsveitarverk eftir Hafliða, sem fagnaði áttæðisafmæli haustið 2021. Tónleikarnir hefjast á hinni fjörmiklu þriðju sínfóníu Schuberts, verki sem tónskáldið samdi átján ára gamall á tímabili ótrúlegrar sköpunargleði.

21.03 FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Mozart og Bruckner

Píanókonsert Mozarts í d moll K466 er einn af áhrifamestu píanókonserntum tónskáldsins, djúphugul og dramatísk tónsmíð sem var í sérstöku eftirlæti hjá rómantísku kynslóðinni sem á eftir kom. Spænski píanóleikarinn Javier Perianes býr yfir „einstakri samsetningu af högværð og algerri snilld“ (Sunday Times) og hefur hlotið frábæra dóma fyrir næma og tækniléga óaðfínnanlega túlkun sína á verkom Mozart.

Níunda og síðasta sínfónía Bruckner er sömuleiðis óvenjulega persónuleg og leit tónskáldið á hana sem rökréttan endapunkt ævistarfs síns. Hann tileinkaði verkið Drottni sjálfum en trúin var tónskáldinu ætíð nálæg og hafa margir lýst hinum magnþrungnu sínfóníum hans sem íburðarmiklum dómkirkjum úr tónum. Þverrandi heilsa kom að lokum í veg fyrir að hann gæti fullklárað fjórða og síðasta þátt sínfóníunnar en hér hljómar hún eins og Bruckner gekk sjálfur frá henni, í þremur heildstæðum og áhrifamiklum þáttum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirprúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Joanna Bauer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir

2. fiöla

Páll Palomares
Hekla Finnsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Pétur Björnsson
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Justyna Bidler

Víóla

Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Úlfhildur Þorsteinsdóttir

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Urh Mrak

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

Flauta

Astrid Bjelland
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Frank Aarnink
Soraya Nayyar

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Barbara Hannigan og Mannsröddin

5. APRÍL

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg og mun flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á *Mannsröddinni*, óperueinleik Francis Poulenc. Ljóðræna og leikgleði Hannigan fær að njóta sín í söng jafnt sem hljómsveitarstjórn og verður tjáningu hennar varpað upp á tjald svo úr verður einstakt sjónarspil. Auk *Mannsraddarinnar* stjórnar Barbara Hannigan hinna tónaljóði Richards Strauss, *Metamorphosen*.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS